



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is


Leirár- og Melahreppur
Neðra-Skarði
301 Akranes


Reykjavík, 19. maí 2006
Tilvísun: UST20060500084/óaj

Aðalskipulag Leirár- og Melahrepps 2002-2014

Þann 31. október 2005 gerði Umhverfisstofnun með bréfi sínu til Leirár- og Melahrepps athugasemdir við tillögu að ofangreindu aðalskipulagi. Skipulagstillagan hefur nú verið auglýst og vill Umhverfisstofnun með bréfi þessu ítreka fyrri athugasemdir sínar við aðalskipulagstillöguna (sjá meðfylgjandi bréfi), ekki síst athugasemdir við veg yfir Grunnafjörð, umfang og staðsetningu frístundabyggðar og einstaka efnistökuastaði.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Meðfylgjandi: Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 31.10.2005

Afrit: Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun
Áb. <u>ÓAJ</u>
02 NOV. 2005
<u>54.22</u>
Tilv. <u>UST2005070095</u>

Landlínur ehf
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,
landslagsarkitekt
Jaðri 2
311 Borgarnes



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 31. október 2005

Tilvísun: UST2005070095/óaj

Tillaga að aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps

Visað er til bréfs Landlína dagsett 15. júlí sl. þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun veiti umsögn um ofangreinda tillögu að aðalskipulagi.

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Efnistaka

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar og áætlanir um efnistöku eigi að vera settar fram í aðalskipulagi í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna. Í því sambandi má benda á að ekki þarf að leita umsagnar stofnunarinnar um námur skv. 47. gr. fyrrgreindra laga ef fyrir liggur umsögn stofnunarinnar um námur skv. 33. gr. laganna. Ef opnaðar verða nýjar námur innan sveitarfélagsins telur stofnunin brýnt að henni berist áætlanir um efnistöku og upplýsingar um vinnslutíma og frágang efnistökuastaða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veita starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en það kemur ekki fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að raska frekar þeirri námu sem merkt er E-6 og er í landi Hafnar II. Um er að ræða eldri námu sem nýtt var af Vegagerðinni og hafði Vegagerðin gengið frá námunni. Umrædd náma er á vatnsverndarsvæði (fjarsvæði) og í jaðri grannsvæðis vatnsverndar í Hafnarfjalli. Auk þessa er náman á mjög áberandi stað séð frá Þjóðvegi nr. 1. Af þeim sökum telur stofnunin að loka eigi námunni. Umhverfisstofnun telur það óásættanlegt að ekki sé ljóst hversu mikið efnismagn fyrirhugað er að vinnu úr setnámu í landi Hafnar I (E-3) við Jármelshöfða, en það kemur ekki fram í greinargerð með skipulaginu. Umrædd náma er á svæði sem er á náttúruminjaskrá, en samkvæmt skránni eru þarna víðáttumikil grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Leirur og fitjar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að takmarka eigi vinnslu úr námunni og sökum staðsetningar hennar og hugsanlegs umfangs ætti að hætta vinnslu í námunni á skipulagstímabilinu.

Vatnsvernd

Samkvæmt 11. gr. ofangreindrar reglugerðar og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði. Nauðsynlegt er að þessi þáttur fái umfjöllun í aðalskipulagi svo að ákvæði reglugerðarinnar verði uppfyllt.

Náttúruvernd

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu milli hringveggar í Leirár- og Melahreppi og Akrafjallsveggar í Skilmannahreppi þar sem farið væri yfir Grunnafjörð um Súlueyri. Grunnafjörður er eitt mikilvægasta votlendissvæði Íslands og er eitt af þremur Ramsarsvæðum landsins. Svæðið er einn af mikilvægustu viðkomustöðum farfugla á Íslandi og eitt af mikilvægustu fæðusvæðum hafarnar á sunnanverðu vesturlandi. Með vegi yst í Grunnafirði væri svæðið skorið sundur með stórfelldri truflun fyrir fuglalíf og vatnsskipti yrðu trufluð með þeim afleiðingum að breyting yrði á seltu og lífríki leirusvæðanna. Í ljósi þess leggst Umhverfisstofnun gegn því að gert verði ráð fyrir vegi yfir Grunnafjörð. Ennfremur bendir stofnunina á að Grunnafjörður er friðlýstur sem friðland samkvæmt Stjórnartíðindum B, nr. 548/1994 og að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir allri mannvirkjagerð innan hins friðlýsta svæðis og telur stofnun að það eigi að koma fram í greinagerð með skipulagstillögunni.

Sorpförgunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð, en henni átti að vera lokið fyrir 1. apríl sl. Umhverfisstofnun telur að fram þurfi að koma í aðalskipulagi á hvaða stigi sú vinna er.

Fráveita

Í tillögu að aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps segir að „*Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að ef leiða á skólp í jörðu sé notuð siturlögn á eftir hreinsun í rotþró, slík lögn dreifir fráveitunni út í jarðveg. Ef hins vegar á að leiða skólp í vatnsföll eða vötn skal helst nota sandsíu milli hreinsibúnaðar og viðtaka*“. Umhverfisstofnun bendir á að í aðalskipulagi þarf að koma fram að ef leiða á skólp í rotþró og siturlagnir þurfa þær að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun hefur útbúið leiðbeiningar um rotþró og siturlagnir og er hægt að nálgast þær hjá stofnuninni. Varðandi notkun sandsíu vill stofnunin minna á að sandsíur krefjast mikils eftirlits og viðhalds og er nauðsynlegt að fylgjast vel með virkni þeirra. Stofnunin vill ennfremur benda á að samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er óheimilt að losa seyru í yfirborðsvatn. Því skal ekki leiða skólp í vatnsföll eða vötn.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sveitarfélagið setji sér *tímasett* markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu. Stofnunin telur mikilvægt að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir söfnun, meðferð og losun skólps og meðhöndlun seyru.

Frístundabyggð

Í tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins eru tilgreindar 28 frístundabyggðir, þar af 21 byggð þar sem uppbygging er ekki hafin. Í stefnumörkun skipulagsáætlunar er miðað við að þéttleiki frístundabyggðar sé ekki meiri en þrjú frístundahús á hvern hektara lands. Í sveitarfélaginu öllu er gert ráð fyrir að 1031,3 ha lands fari undir frístundabyggð. Samkvæmt stefnumörkun skipulagsáætlunar gæti því fjöldi frístundahúsa í sveitarfélaginu farið upp í um 3090. Umhverfisstofnun bendir á að við svæði I í landi Hafnar I er gert ráð fyrir 277 ha svæði fyrir frístundabyggð. Samkvæmt ofangreindum skilmálum mætti því byggja þar 831 frístundahús. Að mati stofnunarinnar er slíkur þéttleiki frístundabyggðar óásættanlegur. Talsvert rask fylgir uppbyggingu frístundabyggða auk þess sem rekstri þeirra fylgir mikill kostnaður fyrir sveitarfélög samanber vegagerð, sorphirða og söfnun og losun seyru. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er óvarlegt að áætla að æskilegur þéttleiki frístundabyggðar 1 frístundahús á hvern hektara lands til að gefa nægilegt rými til útivistar og athafna sem bygging frístundahúsa utan þéttbýlissvæða krefst. Samkvæmt tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins er hluti fyrirhugaðrar frístundabyggðar innan hverfisverndarsvæðis sem og svæðis sem er á náttúruminjakrá. Ljóst er að fjölgun sumarhúsa á þessum svæðum getur haft áhrif á verndargildi svæðanna.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að vegna frístundabyggðar í Hafnarskógi (F-6) fer talsvert af náttúrulegum birkiskógi undir frístundabyggð. Hafnarskógur er á náttúrminjaskrá en um svæðið segir í skránni:

Hafnarskógur, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Hafnarskógur og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlabúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. (1) Náttúrlegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.

Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:


„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“


Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Það er mat Umhverfisstofnunar að frístundabyggð í Hafnarskógi rýri náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins og því eigi ekki að reisa frístundahús innan birkiskógarins eða ryðja birkikjarr vegna frístundabyggðar. Umhverfisstofnun vill benda á að í gangi er uppgræðsluverkefni á svæðinu í kringum Hafnarfjall á vegum Landgræðslufélagsins við Skarðsheiði í nánú samstarfi við Landgræðslu ríkisins og fleiri aðila og er m.a. stefnt að stækkun Hafnarskógar um u.þ.b. 150 ha. Því leggst Umhverfisstofnun gegn skipulagningu frístundabyggðar í Hafnarskógi.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun